

237

30. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 102 23. des. 1952, um innheimtu ýmissa gjalda 1953 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 102 23. des. 1952 og innheimta á árinu 1953 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1953.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfastgjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og limonaðisaft samkv. 5. og 6. tölulið sama kafla með 100% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölul. 3. kafla með 50% álagi.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

238

30. des.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

um breyting á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 23. nóvember 1951.

1. gr.

Fyrsti málsliður 3. málgr. í 1. tölul. II. kafla B (Framangreind afnotagjöld í Fossvog.) hljóði svo:

Framangreind afnotagjöld miðast í Reykjavík við Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að vestari kvísl Elliðaáanna og þaðan beina línu meðfram takmörkum Kópavogshrepps að Kópavogslæk og meðfram honum til sævar í Kópavogi.

2. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur í gildi 1. janúar 1953.

Póst- og símamálaráðherrann, 30. desember 1952.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.